

## Sp. 64. Tillaga til þingsályktunar

um samgöngubætur á eyðisöndum Skaftafellssýslu.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið allra fyrsta fram fara rækilega athugun á því, hvers konar farartæki muni bezt henta á eyðisöndunum í Skaftafellssýslu og á hvern hátt sé hagkvæmast og bæta samgöngurnar þar.

### Greinargerð.

Það er nauðsynlegt fyrir þjóðina alla, að samgöngurnar í landinu séu greiðar og öruggar, og hverju héraði ómetanlegur hagur. Undanfarin ár hefur og verið varið miklu fé til samgöngumála, m. a. til þess að koma akvegasambandi um landið. Margar ár hafa verið brúaðar víðs vegar um land og þeim miklu farartálmum rutt úr vegi á þann hátt.

Nokkrar stórar eru þó hér á landi, sem varla verða yfirunnar með þeim hætti, t. d. Núpsvötn og Skeiðará á Skeiðarársandi.

Nú er þegar kominn nokkurn veginn öruggur akvegur frá Reykjavík austur að Djúpa í Fljótshverfi, og þess verður að vænta, að hún verði brúuð innan skamms. Þá lengist akvegurinn austur að Núpsvötnum, en þau ásamt Skeiðará loka leið venjulegra bifreiða. Svipuðu máli gegnir um jökulárnar á Breiðamerkursandi. Hornafjarðarfljót, sem klýfur héraðið og torveldar sérstaklega samgöngurnar úr Mýrahreppi við verzlunarstaðinn, Höfn í Hornafirði, er og eitt þeirra stórvatna, sem erfitt er að brúa.

Þótt flugið sé raunar hin fullkomnasta samgöngubót, sem væntanlega verður til mikilla nota þegar á næstu árum og mun breyta aðstöðu ýmissa héraða landsins mjög verulega, leysir það ekki málið að fullu. Þrátt fyrir auknar og bættar flugsamgöngur, er óhjákvæmilegt að gera þjóðbrautina kringum landið sem allra greiðfærasta.

Ýmsir hafa áður um það rætt að setja ferjur á vötn þau, sem hér eru nefnd. En nú hafa komið til sögunnar ýmis vélknúin farartæki, sem áður hafa verið óþekkt, a. m. k. hér á landi, svo sem beltisbilar og vatnabílar. Það er kunnugt, að hið erlenda setulið, sem nú dvelur hér í landinu, hefur flutt hingað til lands ýmiss konar vélar og farartæki, sem hafa ekki þekkt hér áður, og notað þau með góðum árangri, að því er virðist. Gefur það góðar vonir um, að með notkun slíkra nýtizku tækja muni reynast tiltölulega auðvelt að yfirstiga miklar torfærur og bæta þannig samgöngurnar á ýmsum stöðum.

Á hinn bóginn vantar enn þá næga reynslu til að byggja á í þessu efni. Þess vegna þarf að fá úr því skorið með athugunum og tilraunum, hvað hagkvæmast er og öruggast.

Einstakir menn geta þó ekki lagt í slíkar tilraunir. Hér er um að ræða einn þátt í samgöngumálum landsins, sem ríkið verður að sjá um, eins og hér er farið fram á.